

Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni
um lögbundin verkefni yfirskattanefndar.**

- 1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir yfirskattanefnd?*

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um hlutverk og verkefni nefndarinnar.

- 2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna yfirskattanefndar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, skal sýna skiptingu fjárheimilda eftir málefnsasviðum og málaflokkum og er kostnaði því deilt niður með þeim hætti í fjárlögum fremur en á hvert lögbundið verkefni. Starfsemi yfirskattanefndar fellur undir málaflokk 5.1 Skattar og innheimta og samkvæmt fylgiriti með fjárlögum fyrir árið 2020 er fjárveiting til nefndarinnar 169,6 millj. kr.